

06. febrúar 2006

## Fjarskiptalagnir í landi Selskarðs

### I. Erindið

Með bréfi, dags. 20. júní 2005, fóru [*nöfn fjarlægð vegna trúnaðar*] fram á það við Póst- og fjarskiptastofnun, f.h. eigenda jarðarinnar Selskarðs á Álftanesi, að stofnunin kæmi því til leiðar að löglegt ástand ríkti á eigninni og að Síminn hf. aflaði sér löglegra og formlegra heimilda og umboða til að vera með leiðslur fjarskiptavirkja sinna í landi Selskarðs, en greiddi landeigendum ella fyrir afnotin. Að öðrum kosti skyldi stofnunin koma því til leiðar að félagið fjarlægði umræddar leiðslur af eigninni tafarlaust.

Um meðferð þessa máls fer samkvæmt 10. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun. Þar kemur m.a. fram að telji neytendur fjarskiptaþjónustu, eða *aðrir sem hagsmuna hafa að gæta*, að fjarskiptafyrirtæki brjóti gegn skyldum sínum samkvæmt lögum um fjarskipti geti hlutaðeigandi beint kvörtun til Póst- og fjarskiptastofnunar um að hún láti málið til sín taka.

### II. Málsmeðferð

#### 1. Forsaga málsins

Í málinu liggur fyrir afrit af bréfi lögmanns landeigenda til Símans, dags. 21. júlí 2004. Fram kom að landeigendur teldu að símalagnir fyrirtækisins lægju um jörðina ólöglega og í algjöru heimildarleysi. Ekki hefði verið leitað samþykkis þeirra fyrir framangreindri lögn né hefði eignarnám verið framkvæmt fyrir henni, sbr. nú 69. gr. og 70. gr. laga nr. 81/2003, um fjarskipti. Af þessum sökum hefði verið óskað upplýsinga um það hvenær umrædd símalögn hefði verið lögð í jörðina og hvaða heimildir fyrirtækið teldi sig hafa haft á sínum tíma. Óskað var viðræðna við fyrirtækið um viðunandi lausn á framangreindu máli.

Síminn svaraði ofangreindu erindi með bréfi, dags. 26. ágúst 2004. Fram kom að eftir því sem næst yrði komist væri hér um að ræða 100 línu koparstreng sem lagður hefði verið á árinu 1972. Fyrirtækið hefði í áratugi haft víðtækar heimildir til slíkra framkvæmda og færu þær ávallt fram í fullu samráði við eigendur, sbr. nú ákvæði 69. gr. fjarskiptalaga nr. 81/2003. Með vísan til þessa og þar sem yfir 30 ár væru liðin frá umræddri framkvæmd teldi fyrirtækið ekki efni til þeirra viðræðna sem óskað var eftir.

Í málinu liggur fyrir afrit af minnisblaði landeigenda vegna fundar landeigenda og talsmanns

Símans, dags. 26. nóvember 2004. Vísað var til þess að fyrirtækið væri með ljósleiðaralögn í heimildarleysi eftir endilöngu landi Selskarðs og að ekkert væri greitt fyrir afnot af eigninni. Um væri að ræða verðmæta landareign sem skipulögð hefði verið til annarra nota en fyrir lagnir Símans. Sú krafa hefði verið gerð að fyrirtækið greiddi eigendum fyrir landafnot. Á fundinum hefði talsmanni Símans verið afhentur reikningur að fjárhæð 450.000 kr. sem að mati landeigenda teldist eðlileg ársleiga. Landeigendur vísuðu til margra dæma um lagnir, svo sem raflagnir, hitaveitulagnir, o.fl., bæði ofanjarðar og neðan, þar sem greitt væri fyrir afnot eigna. Ástandið á landareigninni væri viðvarandi og áframhaldandi. Búið væri að setja eigendur Selskarðs í þá stöðu að vera eins konar vörsluaðilar eigna Símans inn á einkaeign sinni án þess að nokkuð samráð hefði verið haft við þá um heimildir sem löglega eigendur eignarinnar. Nytu þeir því ekki eigna sinna í friði.

Með bréfi til landeigenda, dags. 3. janúar 2005, hafnaði lögmaður Símans því alfarið að fyrirtækið bæri nokkra greiðsluskyldu í máli þessu og hafnaði því greiðslu ofangreinds reiknings. Vísað var til þess að landeigendur hefðu fengið greiddar fullnaðarbætur frá Vegagerð ríkisins fyrir land sem Álftanesvegi hefði verið helgað. Umrædd símlögn væri lögð meðfram veginum innan landskika Vegagerðarinnar með fullu leyfi hennar, sbr. 33. gr. vegalaga nr. 45/1994.

## **2. Erindi landeigenda til Póst- og fjarskiptastofnunar, 7. febrúar 2005**

Póst- og fjarskiptastofnun barst erindi frá landeigendum, dags. 7. febrúar 2005, þar sem þess var farið á leit að stofnunin aflaði upplýsinga um hvort Síminn væri með fjarskiptalagnir í jörð Selskarðs. Ef svo reyndist vera, væri óskað upplýsinga um það hvaða lagnir þar væri um að ræða og hvaða umboð og heimildir fyrirtækið hefði fyrir þeim lögnum. Meðfylgjandi erindi þessu voru afrit af ofangreindum bréfaskiptum og fundargerðum, uppdrættir og kort er sýna jörðina Selskarð, vegalagnir um jörðina og ljósleiðaralagnir um hana, álitssgerð Mús Péturssonar hrl., um lagningu vega- og veitna, einkum jarðstrengja um lönd bænda og samningur milli landeigenda og Vegagerðar ríkisins um veglagningu frá árinu 1972 sem reifaður er hér að neðan.

Landeigendur Selskarðs og Vegagerð ríkisins gerðu með sér samning, dags. 10. maí 1972. Ákvæði 1. gr. samningsins hljóðaði svo:

*“Vegagerðinni er heimilt að leggja veg í landi Selskarðs eins og kynnt hefur verið fyrir eigendum á uppdrætti. Vegi þessum verða helgaðir 7020 fermetrar lands.”*

Í 2. gr. kom fram að gamall vegur, sem legðist niður með tilkomu nýja vegarins, félli til landeigenda. Í 3. gr. kom fram að Vegagerðin greiddi tiltekna fjárhæð fyrir hvern hinna 880 fermetra, sem nýja veginum væru helgaðir umfram þann gamla.

Aðilar gerðu með sér viðbótarsamning, dags. 22. júní 1972. Í 1. gr. kom fram að þar sem verið væri að endurbyggja gamlan veg í landi Selskarðs, væri Vegagerðinni heimilt að breikka veginn og færa girðingu þannig út að fjarlægð frá miðju vegar að girðingu yrði hvergi minni en 7,5 metrar. Í 2. gr. kom fram að land það, sem félli til vegarins við endurbyggingu hans teldist vera 1335 fermetrar og miðaðist við, að veginum tilheyrði 15 metra heildarbreidd. Í fullnaðarbætur fyrir það land, sem veginum væri helgað við endurbygginguna greiddi Vegagerðin tiltekna fjárhæð fyrir hvern fermetra.

### 3. Athugasemdir Símans, 21. mars 2005

Með bréfi til Símans, dags. 21. febrúar 2005, óskaði Póst- og fjarskiptastofnun eftir að fyrirtækið veitti stofnuninni upplýsingar um hvort lagnir á vegum fyrirtækisins lægju um jörðina Selskarð og ef svo væri, hvaða lagnir um væri að ræða, hvenær þær hefðu verið lagðar og hvaða heimildir fyrirtækið hefði haft til lagningar þeirra.

Svar Símans við erindi Póst- og fjarskiptastofnunar barst með bréfi, dags. 21. mars 2005. Fram kom að land jarðarinnar Selskarðs næði þvert yfir Álftanesið þar sem það væri þrengst. Engar lagnir eða vegir færu því landleiðina til byggðarinnar í sveitarfélaginu Álftanesi nema um land Selskarðs. Því væri ljóst að fjarskiptalagnir til að tengja síma í sveitarfélaginu við aðra hluta símakerfisins hefðu frá upphafi farið að mestu leyti um land Selskarðs. Nú væru fjarskiptalagnir á þremur stöðum í gegnum landið vegna fjarskiptaþjónustu við Álftanes. Tvær þessara lagnaleiða væru meðfram aðalvegi út á Álftanes. Annars vegar koparstrengur sem lagður hefði verið árið 1980 austan við veginn og hins vegar ljósleiðari sem lagður hefði verið 1992 vestan vegarins. Auk þessara strengja lægi strengur beint frá Hafnarfirði sem greindist í tvo strengi við Skógtjörn og var hann lagður árið 1972.

Samkvæmt 69. gr. laga nr. 81/2003, um fjarskipti, hefðu fjarskiptafyrirtæki víðtækar heimildir til að leggja leiðslur um lönd annarra aðila og raunar næði heimildin einnig til þess að leggja gegnum hús eða önnur mannvirki. Í greininni kæmi fram að haft skyldi samráð við eigendur eða umráðamenn fasteigna og mannvirkja um hvar leiðslur væru lagðar. Við undirbúning lagnanna 1980 og 1992, sem báðar væru inni á því svæði sem tekið hefði verið frá vegna vegarins, hefði verið haft samráð við Vegagerðina um staðsetningu lagnanna í samræmi við hliðstætt ákvæði eldri fjarskiptalaga. Landeigendur hefðu móttækið fullnaðarbætur frá Vegagerðinni fyrir það land sem veginum hefði verið helgað. Kæmi til þess að veginum yrði breytt eins og áætlanir hefðu verið um, myndi Síminn færa sínar lagnir þannig að þær yrðu í eðlilegu samræmi við skipulag.

Engar heimildir væru til um hvernig staðið hefði verið að upplýsingagjöf eða samráði þegar elsti strengurinn hefði verið lagður árið 1972, en hann virtist hafa verið lagður fjarri öllum mannvirkjum. Gera yrði ráð fyrir að haft hefði verið samráð við eigendur eða umráðamenn með venjubundnum hætti. Umræddur strengur myndi ekki frekar en hinir tveir verða landeigendum á nokkurn hátt til trafala við nýtingu eigna sinna.

### 4. Bréf landeigenda, 4. apríl 2005

Landeigendur sendu Póst- og fjarskiptastofnun bréf, dags. 4. apríl 2005, þar sem þeir gerðu grein fyrir sjónarmiðum sínum og tjáðu sig um svarbréf Símans. Enn hefðu ekki komið fram heimildir og umboð Símans fyrir staðsetningu fjarskiptalagna á jörðinni Selskarði þrátt fyrir að Póst- og fjarskiptastofnun hefði óskað eftir þeim upplýsingum. Landeigendur óskuðu eftir að stofnunin krefði Símann um heimildir og umboð í sambandi við samráð við Vegagerðina sem getið væri um í ofangreindu bréfi, hvaða heimildir fyrirtækið væri með samkvæmt því samráði, hvenær slíkt samráð hefði verið haft og hvaða menn hefðu komið að því. Þá upplýstu landeigendur að Vegagerðin væri með samning um heimild til veglagningar í landi Selskarðs en aðrar heimildir hefði Vegagerðin ekki á eigninni.

Túlkun Landssímans á 69. gr. fjarskiptalaga nr. 81/2003 var mótmælt og töldu landeigendur að fyrirtækið hefði ekki víðtækari heimildir til að leggja leiðslur um lönd annarra aðila en hver annar íslenskur borgari. Aðilar hjá Símanum væru að nota eignina í heimildarleysi og

ólöglega í sína þágu til að hafa af henni hagnað og hefði svo verið um áratuga skeið. Síminn hefði hagnað af því að staðsetja fjarskiptastrengi sína á jörðinni með því að selja fólki aðgang að nýtingu þeirra. Eigendur gætu í raun sjálfir sinnt þessari þjónustu. Búið væri að setja landeigendur í þá stöðu að vera eins konar vörsluaðila eigna Símans inn á einkaeign sinni án þess að nokkuð samráð hefði verið haft við þá og þeim væri ekki greitt fyrir afnot eignarinnar. Gæti Síminn ekki sýnt fram á heimildir og umboð fyrir nýtingu sinni á jörðinni Selskarði undir fjarskiptalagnir væri þess óskað að Póst- og fjarskiptastofnun aðstoðaði landeigendur við að koma á lögum og reglu á eigninni, að því er varðaði heimildarlausu og ólöglega nýtingu eignarinnar undir fjarskiptalagnir.

## **5. Bréf Póst- og fjarskiptastofnunar til landeigenda, 23. maí 2005**

Póst- og fjarskiptastofnun sendi landeigendum bréf, dags. 23. maí 2005, þar sem fram kom að stofnunin teldi ekki sennilegt að til væru frekari heimildir og umboð í sambandi við samráð Símans við Vegagerðina annars vegar og Símans og landeigendur hins vegar, enda yrði að telja líklegt að Síminn hefði haft hag af því að leggja fram þau gögn ef til væru. Ekki hefði komið fram afdráttarlaus krafa um ákvörðun stofnunarinnar vegna þessa máls og teldi því ekki ástæðu til að ítreka kröfu um að Síminn gerði grein fyrir heimildum sínum í þessu sambandi. Kröfugerð landeigenda um að stofnunin aðstoðaði landeigendur við að koma á lögum og reglu á eigninni, varðandi nýtingu eignarinnar undir fjarskiptalagnir, væri ekki nægilega skýr til þess að hægt væri að taka ákvörðun í málinu. Stofnunin benti landeigendum á 10. gr. laga um Póst- og fjarskiptastofnun nr. 69/2003 og 69. gr. fjarskiptalaga nr. 81/2003 og óskaði eftir að landeigendur skýrðu nánar hvaða kröfur þeir gerðu.

## **6. Bréf landeigenda til Póst- og fjarskiptastofnunar, 20. júní 2005**

Fram kom í bréfi frá landeigendum, dags. 20. júní 2005, að þeir teldu Símann vera með fjarskiptalagnir í algjöru heimildarleysi og ólöglega á heimajörð Selskarðs og fóru fram á að stofnunin kæmi því til leiðar með ákvörðun að löglegt ástand ríkti á eigninni þannig að Síminn semdi um nýtingu eignarinnar eða greiddi eigendum fyrir nýtingu hennar. Að öðrum kosti yrði fyrirtækinu gert skylt að fara með eignir sínar og ólöglega starfsemi af landi Selskarðs. Ennfremur kröfðust landeigendur þess að stofnunin staðfesti að Síminn hefði brotið gegn eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar, auk ákvæða fjarskiptalaga nr. 81/2003 og rétti manna til að njóta eigna sinna í friði, með því að vera með eignir sínar og starfsemi á jörðinni án nokkurs samráðs eða heimilda eigenda.

## **7. Athugasemdir Símans, 29. ágúst 2005**

Með bréfi, dags. 29. ágúst 2005, krafðist Síminn þess að kröfum landeigenda yrði vísað frá stofnuninni. Hefði landeigendum ekki tekist að bæta úr annmarka á kröfugerð sinni. Það væri í raun ógerningur fyrir Símann að lýsa sjónarmiðum sínum þegar málum væri þannig háttað. Að öðru leyti kom fram að lagður hefði verið fjarskiptastrengur árið 1972 úr Hafnarfirði út á Álftanes um land Selskarðs. Hlutverki þessa strengs hefði lokið fyrir um 15 árum og væri þessi strengur nú algjörlega aflagður og væri engin ástæða til að taka tillit til hans við framkvæmdir á landi Selskarðs. Þeir strengir sem nú væru í notkun lægju meðfram landi sem Vegagerðin hefði greitt landeigendum að fullu fyrir. Varðandi kröfu landeigenda er vörðuðu eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar vísaðist til ákvörðunar Póst- og fjarskiptastofnunar frá 24. ágúst 2001 þar sem kröfum um viðurkenningu eignarréttar var vísað frá dómi.

## **8. Bréf Póst- og fjarskiptastofnunar til Símans, 13. september 2005**

Með bréfi Póst- og fjarskiptastofnunar, dags. 13. september 2005, tilkynnti stofnunin Símanum þá ákvörðun sína að taka mál þetta til efnismeðferðar og gaf fyrirtækinu kost á að koma frekari sjónarmiðum sínum á framfæri áður en ákvörðun yrði tekin. Sérstaklega var óskað upplýsinga um þau umboð og þær heimildir sem Síminn teldi sig hafa haft fyrir umræddum fjarskiptalögnum og hvort samráð hefði verið haft við landeigendur. Þá var óskað skýringa á samskiptum Vegagerðarinnar og Póst- og símamálastofnunar sem vísað væri til í svarbréfi Símans frá 21. mars 2005. Ennfremur var óskað eftir álitum Símans á því hvort samningur landeigenda og Vegagerðarinnar frá 1972 eða gildandi lög hafi heimilað fyrirtækinu að beina samráði beint að Vegagerðinni án samráðs við landeigendur.

## **9. Fundur með aðilum, 5. október 2005**

Að beiðni Símans hélt Póst- og fjarskiptastofnun sáttafund í málinu þann 5. október 2005. Fundurinn reyndist árangurslaus þar sem ekkert nýtt kom fram. Síminn hafnaði því að ræða mögulegar greiðslur fyrir afnot landsins og landeigendur stóðu fast við sínar kröfur.

## **10. Athugasemdir Símans, 20. október 2005**

Með bréfi, dags. 20. október 2005, krafðist Síminn þess að Póst- og fjarskiptastofnun hafnaði kröfum landeigenda. Um heimildir til lagningar fjarskiptavirkja væri fjallað í 69. gr. fjarskiptalaga nr. 81/2003. Samkvæmt skýru orðalagi 1. mgr. ákvæðisins hefðu fjarskiptafyrirtæki heimild til að leggja fjarskiptalagnir um land annarra í samráði við eiganda eða umráðamann eins og nánar greindi í ákvæðinu.

Í 5. gr. vegalaga nr. 45/1994 segði að Vegagerðin væri veghaldari þjóðvega. Samkvæmt 2. gr. laganna merkti veghald forræði yfir vegi og vegasvæði, þar með talið vegagerð, þjónusta og viðhald vega. Í 1. mgr. 33. gr. segði að byggingar, leiðslur eða önnur mannvirki, föst eða laus, mætti ekki staðsetja, nema leyfi Vegagerðarinnar kæmi til, nær vegi en 30 metra frá miðlínu stofnvega og 15 metra frá miðlínu annarra þjóðvega. Þessar tilvitnanir í vegalög staðfestu það með ótvíræðum hætti að Vegagerðin væri umráðamaður þess vegar þar sem umræddar fjarskiptalagnir lögju. Í raun yrðu ákvæðin ekki skilin öðru vísi en svo að Vegagerðin ein gæti veitt heimild til lagningar fjarskiptastrengja þar sem hún hefði veghald. Af því leiddi að landeigendur Selskarðs gætu ekki átt réttindatilkall vegna þeirra strengja sem liggja í veghaldi Vegagerðarinnar.

Tveir fjarskiptastrengir lögju með þjóðveginum um land Selskarðs út á Álftanes, eins og fram kæmi á meðfylgjandi uppdrætti. Í fyrsta lagi koparstrengur sem Póst- og símamálastofnun hefði lagt með hitaveitu meðfram Álftanesvegi árið 1980, sbr. meðfylgjandi uppdrátt. Ekki hefðu fundist skráðar heimildir um formlegt samþykki Vegagerðarinnar fyrir þeirri löggn enda langt um liðið. Þrátt fyrir það væri vart hægt að efast um að strengurinn hafði verið lagður í samráði við Vegagerðina sem umráðamanns vegarins og eftir atvikum með vitund landeigenda. Strengurinn lægi í veghaldi Vegagerðarinnar og hefði ekki í för með sér neina takmörkun á nýtingu landeigenda á landi sínu. Í öðru lagi væri um að ræða ljósleiðara sem lagður hefði verið með götulýsingu árið 1992.

Meðfylgjandi bréfi Símans voru afrit af umsókn Símostöðvarinnar í Reykjavík til Vegagerðarinnar um lagningu ljósleiðara meðfram Álftanesvegi, dags. 14. september 1990, leyfi Vegagerðarinnar til umræddrar lagningar ljósleiðarastrengs, dags. 6. janúar 1992 (að

*því er virðist*), og staðfesting forstöðumanns lögfræðideildar Vegagerðarinnar á því að Vegagerðin hefði samþykkt fyrir sitt leyti lagningu ljósleiðarastrengsins, dags. 19. október 2005. Að mati Símans væri því ljóst að forveri félagsins hefði fengið samþykki umráðamanns vegarins fyrir lagningu strengsins.

Einsýnt væri að lagning fjarskiptastrengjanna hefði verið í fullu samráði og með heimild Vegagerðarinnar sem veghaldara og þar með umráðamanns þjóðvegarins. Þó að skrifleg heimild lægi ekki fyrir lagningu koparstrengsins 1980 yrði að telja að samþykki Vegagerðarinnar fyrir lagningu ljósleiðarastrengsins 1992 sannaði það að sú heimild hefði verið veitt á sínum tíma og sönnunarbyrðin um hið gagnstæða hvíldi á landeigendum. Ljóst væri að fjarskiptastrengirnir hefðu aldrei verið lagðir nema til hefði komið samþykki Vegagerðarinnar. Með vísan til þess hefði Póst- og fjarskiptastofnun þann kost einan að hafna kröfum landeigenda Selskarðs.

## **11. Bréf landeigenda, 31. október 2005**

Með bréfi til landeigenda, dags. 24. október 2005, gaf Póst- og fjarskiptastofnun landeigendum kost á að tjá sig um svarbréf Símans og þau nýju gögn sem fram væru komin í málinu. Landeigendur svöruðu með bréfi, dags. 31. október 2005. Landeigendur vísuðu fyrst og fremst í samning frá 1972 sem þeir hefðu gert um heimild Vegagerðarinnar til veglagningar í landi Selskarðs. Þar segði í 1. gr. að Vegagerðinni væri heimilt að leggja veg í landi Selskarðs eins og kynnt hefði verið fyrir eigendum á uppdrætti. Samningur þessi, sem undirritaður hefði verið í gildistíð vegalaga nr. 23/1970, væri bindandi og hefði honum ekki verið sagt upp. Hann væri því enn í fullu gildi og aðrir samningar hefðu ekki verið gerðir við Vegagerðina.

Í samningnum og á tveimur uppdráttum sem kynntir hefðu verið fyrir eigendum kæmi skýrt fram hvað Vegagerðinni væri heimilt. Þar væri ekki getið um önnur mannvirki en veg sem heimilt væri að leggja. Aðrar heimildir hefði Vegagerðin ekki fengið í landinu. Hvergi væri getið um heimild Vegagerðarinnar til að framselja rétt í landi Selskarðs fyrir mannvirki og eignir annarra stofnana eða fyrirtækja með allt annað verksvið, hvorki á svokölluðu veghelgunarsvæði né annars staðar. Ef virða ætti 1. gr. samningsins að vettugi væri allur samningurinn í uppnámi og myndi falla úr gildi. Landeigendur hefðu gert samninginn í góðri trú og ætluðust til að hann yrði virtur af gagnaðila. Ákvæðið í 1. gr. hefðu landeigendur gagngert sett í samninginn til að fyrirbyggja að utanaðkomandi aðilar gætu fengið heimildir í landinu í gegnum heimild Vegagerðarinnar til veglagningar.

Varðandi tilvísun Landssímans í 69. gr. fjarskiptalaga nr. 81/2003 tóku landeigendur það fram að með ákvæðinu væri ekki verið að heimila fjarskiptafyrirtækjum að fara yfir eignir manna heldur væri verið að heimila þeim að leggja leiðslur um land í samráði við eigendur eða umráðamenn slíkra fasteigna. Ekki vantaði vilja landeigenda til að semja um afnot í landi þeirra. Síminn hefði ekki lagt fram umboð og heimildir fyrir leiðslu fjarskiptavirkja sem lögð hefði verið á árinu 1980. Leiðsla þessi hefði verið lögð í skjóli myrkurs og landeigendur hefðu aldrei vitað af henni. Það sama ætti við um leiðslu fjarskiptavirkja sem lögð hefði verið 1992.

Misræmis gætti í gögnum frá Vegagerðinni varðandi samráð Símans og Vegagerðarinnar um lagningu fjarskiptalagna meðfram Álftanesvegi árið 1992. Í yfirlýsingu forstöðumanns lögfræðideildar Vegagerðarinnar kæmi fram að samkvæmt meðfylgjandi yfirlýsingu Eyvindar

Jónassonar, fyrrverandi rekstrarstjóra Vegagerðarinnar á Reykjanesi, hefði Vegagerðin heimilað fyrir sitt leyti lagningu símastrengs meðfram Álftanesvegi. Í yfirlýsingu Eyvindar kæmi hins vegar fram að Póstur og sími hefði fengið heimild til að leggja ljósleiðara í Bessastaðaveg eins og sýnt væri á uppdrætti og væri leyfið háð öllum venjulegum skilyrðum. Nauðsynlegt væri að Vegagerðin skýrði nánar út fyrir Símanum, og eftir atvikum Póst- og fjarskiptastofnun, þá heimild sem hún teldi sig hafa veitt „fyrir sitt leyti.“ Ýmislegt bæri að skoða í þessu sambandi, sbr. t.d.:

1. Frá hverjum Póstur og sími hefði fengið heimild til að leggja ljósleiðara og hvar heimildin væri?
2. Hver væri skýringin á misræminu varðandi Bessastaðaveg og Álftanesveg? Yfirlýsingin, dags. 6. janúar 1992, bæri ekki með sér að vera samþykki á umsókn, dags. 14. sept. 1990. Umsóknin varðaði vegkantinn einhvers staðar ótilgreint á Álftanesvegi en yfirlýsingin varðaði Bessastaðaveg.
3. Í yfirlýsingunni væri talað um að framkvæmdin væri sýnd á meðfylgjandi uppdrætti en ekki væri skýrt um hvaða uppdrátt væri að ræða og ekki væri tekið fram að um væri að ræða lögn í landi Selskarðs. Óskað væri eftir því að þessi uppdráttur yrði lagður fram þannig að staðfest yrði að hann stemmdi við yfirlýsinguna. Annar uppdrátturinn sýndi einnig lögn í Bessastaðavegi í samræmi við yfirlýsinguna.
4. Hvaða „venjulegu skilyrði“ væri átt við í leyfisbréfinu? Væru það skilyrði um að samningar væru uppfylltir og/eða að landeigendur veittu fyrir sitt leyti heimild til framkvæmda en ekki aðeins Vegagerðin?

Ekkert kæmi fram í bréfi Símans um löglegar heimildir félagsins til að nýta jörðina Selskarð undir leiðslur fjarskiptavirkja. Ekki stoðaði að vísa í síðari tíma lög því samningurinn frá 1972 um nýtingu landsins væri fyrir hendi. Hvorki vegalög nr. 45/1994, vegalög nr. 6/1977, önnur vegalög, né fjarskiptalög nr. 81/2003, ógiltu fyrrgreindan samning frá 1972 eða ryddu honum úr vegi. Samningurinn væri samkvæmt vegalögum nr. 23/1970.

Ljóst væri samkvæmt samningnum og samkvæmt 1. og 3. gr. vegalaga nr. 23/1970 að Vegagerðin væri veghaldari í landi Selskarðs og væri heimilt að leggja veg í landi Selskarðs en hún væri engan veginn haldari leiðslna fjarskiptavirkja eða haldari mannvirkja óskyldra stofnanna eða fyrirtækja í landinu. Heimildir og umboð væru hvorki fyrir leiðslum fjarskiptavirkja frá 1980 né leiðslum frá 1992. Það væri ekki í verkahring Vegagerðarinnar að veita heimildir fyrir leiðslum fjarskiptavirkja fjarskiptafyrirtækja í landi Selskarðs. Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum hefði Vegagerðin heldur ekki heimilað umræddar leiðslur fjarskiptavirkja Símans í landi Selskarðs.

Ítrekuð væri sú krafa að Póst- og fjarskiptastofnun kæmi því til leiðar að löglegt ástand ríkti á jörðinni Selskarði og að Síminn, sem stofnunin hefði gæsluskyldu yfir, aflaði sér löglegra og formlegra heimilda og umboða til að vera með leiðslur fjarskiptavirkja sinna í landi Selskarðs eða að öðrum kosti fjarlægði þær af eigninni tafarlaust.

Póst- og fjarskiptastofnun barst tölvupóstur, dags. 3. nóvember s.l., frá landeigendum. Þar kom fram að vegir á höfuðborgarsvæðinu, eins og m.a. Vegagerðin skilgreindi þá, væru í símaskránni. Þar væri t.d. á kortum á bls. 1460 og 1462 Bessastaðavegur nr. 416 og Álftanesvegur nr. 415.

## **12. Bréf Póst- og fjarskiptastofnunar til Vegagerðar ríkisins, 16. nóvember 2005**

Póst- og fjarskiptastofnun sendi Vegagerðinni bréf, dags. 16. nóvember 2005, og óskaði eftir tilteknum upplýsingum og gögnum sem varpað gætu ljósi á aðdraganda framangreindra framkvæmda á árunum 1980 og 1992 og samskipti Vegagerðarinnar og Póst- og símamálastofnunar í því sambandi. Erindið samanstóð af neðangreindum spurningum:

1. Fékk Póst- og símamálastofnun leyfi Vegagerðarinnar til lagningar umræddra fjarskiptastrengja meðfram Álftanesvegi á árunum 1980 og 1992? Ef svo er eru þá til skrifleg gögn um það?
2. Hvernig var leyfisveitingum skv. 69. gr. vegalaga nr. 23/1970 og 6/1977 almennt háttað gagnvart Póst- og símamálastofnun á árunum 1972-1992?
3. Hafði Vegagerðin almennt samráð við landeigendur, þar sem vegur lá um land þeirra, þegar beiðnir bárust frá Póst- og símamálastofnun um að fá að staðsetja fjarskiptalagnir í veghelgunarsvæði á árunum 1972-1992?
4. Var samningur Vegagerðarinnar og landeigenda að Selskarði, dags. 10. maí 1972 á einhvern hátt frábrugðinn slíkum samningum á þess tíma mælikvarða?
5. Hver er skýringin á misræminu varðandi Álftanesveg og Bessastaðaveg, annars vegar í umsókn Póst- og símamálastofnunar frá árinu 1990 og hins vegar í svari Eyvindar, frá 6. janúar 1992? Urðu nafnabreytingar á umræddum vegum á þessu tímabili? Ef svo er eru til opinber gögn um það?
6. Er skrifleg yfirlýsing Eyvindar svar við umsókn Póst- og símamálastofnunar um að fá að leggja fjarskiptalagnir í vegkantinn á Álftanesvegi í gegnum jörðina Selskarð? Ef svo er áttu framkvæmdir sér þá stað á tímabilinu 1. – 6. janúar 1992, þar sem yfirlýsing hans er dags. 6. janúar 1992?
7. Hvað er átt við með orðalaginu „leyfið er háð öllum venjulegum skilyrðum” í bréfi Eyvindar?

## **13. Svar Vegagerðar ríkisins, dags. 21. desember 2005.**

Svar Vegagerðarinnar við fyrirspurn Póst- og fjarskiptastofnunar barst með bréfi, dags. 21. desember 2005. Svörin hljóðuðu svo sem að neðan greinir:

1. Ekki eru að finna upplýsingar um hvort Vegagerðin hafi fyrir sitt leyti heimilað lagningu fjarskiptastrengs meðfram Álftanesvegi á árinu 1980. Fyrir liggur handskrifuð yfirlýsing Eyvindar Jónassonar, þáverandi rekstrarstjóra Vegagerðarinnar í Reykjanesumdæmi frá árinu 1992, þar sem því er lýst yfir að Vegagerðin hafi heimilað lagningu ljósleiðara í Bessastaðaveg. Dagsetning yfirlýsingarinnar er óskýr og hún virðist dagsett 06.01.1992 eða 06.06.1992.
2. Vegagerðin hefur í gegnum tíðina almennt fyrir sitt leyti ekki staðið gegn lagningu strengja innan vegsvæðis enda liggi fyrir að strengir hamli ekki vinnu við viðhald og breytingar á vegi, og að allur kostnaður vegna strengs verði borinn af eiganda hans. Form og tilhögun leyfisveitingar var ekki í föstum skorðum og misjafnt hvernig staðið var að í einstökum tilvikum. Þetta breyttist árið 1995 með setningu reglna um lagnir og leiðslur í vegsvæði, sbr. meðfylgjandi eintak umræddra reglna.
3. Ekki verður fullyrt að Vegagerðin hafi almennt haft samráð við landeigendur um heimild Póst- og símamálastofnunar að fá að staðsetja fjarskiptalagnir í veghelgunarsvæði þó



að ekki sé útilokað að það hafi verið gert í einstaka tilviki. Vegagerðin hefur litið svo á að það sé hlutverk leiðslueiganda að tryggja eftir atvikum að leyfi annarra aðili liggi fyrir eftir því sem nauðsynlegt er hverju sinni. Það er svo álitaefni hvort samþykki Vegagerðarinnar nægi eða hvort einnig þurfi að leita samþykkis landeigenda. Ef um er að ræða leiðslu eða hverskyns mannvirki sem staðsett er innan vegsvæðis, þ.e. innan lands sem tilheyrir vegi skv. 1. gr. vegalaga, er það álit Vegagerðarinnar að ekki þurfi samþykki landeigenda heldur nægi samþykki Vegagerðarinnar. Hins vegar geti auk samþykkis Vegagerðarinnar þurft samþykki landeigenda fyrir leiðslu sem staðsett er utan vegsvæðis en innan veghelgunarsvæðis.

4. Samskipti Vegagerðarinnar við landeigendur á þeim tíma sem hér um ræðir voru almennt nokkuð óformlegri en gerist og gengur í dag. Ekki tíðkaðist almennt að gera formlega samninga vegna minniháttar breytingar, breikkunar eða lagfæringa á vegi utan þéttbýlis og að gengið væri frá því með ótvíræðum og formlegum hætti hve breið landspilda skyldi tilheyra vegi. Þó var ekki óþekkt að gengið væri frá því með formlegum samningi hver breidd vegsvæðis skyldi vera og fór það vaxandi á þessum tíma. Af þeim sökum má segja að umræddur samningur við landeiganda að Selskarði frá 1972 sé frábrugðinn því sem algengast var á þess tíma mælikvarða í sambærilegum tilvikum þó að ekki verði fullyrt að um einsdæmi hafi verið að ræða.

5. Misræmi er varðandi nafngift umræddra vega í umsókn Póst- og símamálastofnunar frá árinu 1990 annars vegar og yfirlýsingu Eyvindar frá árinu 1992. Annars vegar er vegurinn nefndur Bessastaðavegur og hins vegar Álftanesvegur. Skýringu á þessu misræmi má sennilega rekja til breytinga sem gerðar voru á þessum tíma. Samkvæmt þágildandi vegagáætlun var umræddum vegum lýst svo:

Til 1991: 415 Bessastaðavegur: Af Hafnarfjarðarvegi í Engidal að Bessastöðum.  
416 Álftanesvegur: Af Bessastaðavegi nálægt Bessastöðum, um Landakot og Sviðholt og aftur að vegamótum Bessastaðavegar við Bessastaði.

Eftir 1991: 415 Álftanesvegur: Af Reykjanesbraut í Molduhrauni, um Engidal, út á Álftanes, að Hvoli.  
416 Bessastaðavegur: Af Álftanesvegi nálægt Bessastöðum að Bessastöðum.

Breyting þessi er ekki í tillögu til þingsályktunar um vegagáætlun sem gerð er í ársbyrjun 1991. Hennar er fyrst getið í breytingartillögu við tillögu til þingsályktunar um vegagáætlun árin 1991-1994, sem gerð er í mars 1991, og birtist síðan í þingsályktun um vegagáætlun fyrir árin 1991-1995 sem samþykkt var á Alþingi 18. mars 1991.

6. Ekki hafa fundist önnur gögn um afgreiðslu á erindi Póst- og símamálastofnunar en ofangreind yfirlýsing Eyvindar. Ekki er ljóst hvort hún er dagsett í janúar eða júní. Telja verður að umrædd yfirlýsing sé gefin til staðfestingar á munnlegu leyfi Vegagerðarinnar fyrir lagningu ljósleiðarans.

7. Ekki lágu fyrir skriflegar reglur um hvaða skilyrði skyldi setja fyrir heimild til lagningar strengja í vegsvæði. Verður því ekki fullyrt hvað átt er við með tilvitnuðu orðalagi umræddrar yfirlýsingar. Sennilega er hér vísað til þess, sem síðar var áréttað í skriflegum reglum, að eigandi leiðslu beri allan kostnað af legu hennar meðfram vegi, og einnig öllu tjóni sem kann að hljótast af leiðslunni.

#### 14. Bréf landeigenda, dags. 4. janúar 2006.

Með bréfi, dags. 27. desember 2005, gaf Póst- og fjarskiptastofnun landeigendum kost á að tjá sig um svör Vegagerðarinnar. Athugasemdir landeigenda bárust Póst- og fjarskiptastofnun með bréfi, dags. 4. janúar 2006. Landeigendur ítrekuðu kröfur sínar og sjónarmið sem áður hafa komið fram, sbr. m.a. bréf, dags. 31. október 2005.

Hvort sem Vegagerðin hefði fyrir sitt leyti heimilað lagningu fjarskiptastrengs meðfram Álftanesvegi á árunum 1980 og 1992 eða ekki væri Símanum ekki heimilt að vera með fjarskiptastrengi í landi Selskarðs. Telja yrði að dagsetning skjals Eyvindar frá árinu 1992 sé 6. janúar en ekki 6. júní. Vegagerðin hefði ekki heimilað lagningu umræddra strengja í landi Selskarðs þótt stofnunin segði að hún hefði almennt ekki fyrir sitt leyti staðið gegn lagningu strengja innan vegsvæðis að tilteknum skilyrðum uppfylltum. Umræddar reglur Vegagerðarinnar frá árinu 1995 veiti stofnuninni ekki frekari heimildir til leyfisveitinga til lagningar strengja í vegsvæði í landi Selskarðs.

Landeigendur að Selskarði hefði gert bindandi samning við Vegagerðina árið 1972. Eigendur Selskarðs hefðu að fullu virt þennan samning og reiknuðu með að opinber stofnun gerði það einnig. Samningurinn hefði verið formlegur og hefðu landeigendur talið hann mjög mikilvægan þar sem um verðmætt land væri að ræða í þéttbýli og alls óvíst hvernig staðsetningu þjóðvegur yrði háttað í landi Selskarðs í framtíðinni. Þess vegna hefði verið mikilvægt fyrir landeigendur að skilgreina heimildir Vegagerðarinnar ítarlega í samningnum og binda þær heimildir við vegalagningu. Þetta sé hugsanlega ástæðan fyrir því orðalagi í bréfi Vegagerðarinnar að samningur þessi „*sé frábrugðinn því sem algengast var á þess tíma mælikvarða í sambærilegum tilvikum.*”

Skýringar Vegagerðarinnar á nafnabreytingum umræddra vega væru ótrúverðugar. Telja yrði að umrætt leyfi Eyvindar varði lagningu fjarskiptastrengja meðfram núverandi Bessastadavegi. Um algerar getgátur væri að ræða þegar í bréfi Vegagerðarinnar segði að telja yrði að umrædd yfirlýsing væri gefin til staðfestingar á munnlegu leyfi Vegagerðarinnar fyrir lagningu ljósleiðarans. Ennþá sé ósvarað þeirri spurningu um hvaða stað hefði verið að ræða sem umrædd leyfisveiting næði til.

### III. Niðurstaða

#### 1. Ágreiningsatriði

Ágreiningur er milli landeigenda Selskarðs og Símans um hvort fjarskiptalagnir félagsins, sem lagðar voru á árunum 1980 og 1992 meðfram Álftanesvegi í landi Selskarðs, hafi verið lagðar í samræmi við þágildandi fjarskiptalög og vegalög og í samræmi við samning landeigenda og Vegagerðar ríkisins frá 1972. Landeigendur telja að umræddur samningur fjalli aðeins um veglagningu en heimili ekki neina aðra mannvirkjagerð eða lagnir í vegstæðinu án samþykkis landeigenda Selskarðs.

Landeigendur krefjast þess að Póst- og fjarskiptastofnun komi því til leiðar að löglegt ástand ríki á umræddri jörð og að Síminn afli sér löglegra og formlegra heimilda og umboða til að vera með leiðslur fjarskiptavirkja í landinu, en greiði landeigendum ella fyrir afnotin eða semji um þau. Að öðrum kosti væri þess krafist að Póst- og fjarskiptastofnun komi því til leiðar að Síminn fjarlægji leiðslurnar af eigninni. Þá var þess krafist að Póst- og

fjarskiptastofnun staðfesti að Síminn hefði brotið gegn eignarréttarákvæðum stjórnarskrárinnar með því að vera með eignir og starfsemi á eigninni Selskarði án nokkurs samráðs eða heimilda eigenda. Síminn telur að þágildandi fjarskiptalög og vegalög hafi ótvírætt heimilað umræddar lagnir fjarskiptastrengja á veghelgunarsvæði Álftanessvegar.

## 2. Niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar

Eignarréttur hefur verið skilgreindur sem einkaréttur eigandans til að ráða yfir tilteknum líkamlegum hlut innan þeirra marka sem þessum rétti eru sett í lögum og af takmörkuðum eignarréttindum, t.d. afnotarétti annarra aðila sem stofnað hefur verið yfir hlutum. Í eignarrétti felst því að eigandi hlutar má hagnýta sér hlut og ráðstafa honum innan þeirra marka sem lög og réttindi annarra leyfa.

Samkvæmt 72. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 er eignarrétturinn friðhelgur. Unnt er þó að skylda menn til þess að láta af hendi eign sína, ef almenningsþörf krefur, fyrir því sé lagaheimild og fullt verð komi fyrir þá eign sem tekin er eignarnámi. Þrátt fyrir orðalag 72. gr. stjórnarskrárinnar getur löggjafinn heimilað ýmiss konar takmarkanir á eignarrétti og eignarkerðingar sem ekki verða taldar eignarnám, án þess að til nokkurra bóta komi. Slík lagaákvæði hafa verið nefnd *almennar takmarkanir eignarréttar*.

Það sem einkennir löggjöf sem hefur að geyma ákvæði um eignarnám og/eða ákvæði um almennar takmarkanir á eignarrétti er að löggjafinn hefur metið það svo að tiltekin almenningsþörf krefjist slíkrar íhlutunar í eignarrétt borgaranna. Í þessu felst að tiltekin starfsemi eða aðstaða er talin svo mikilvæg að réttlætanlegt sé að svipta menn eignum sínum eða að láta þá þola takmarkanir eða skerðingar á eignum vegna hennar. Allvíða er heimilað í íslenskum lögum að leggja takmarkanir á eignarrétt manna til þess að náð verði markmiðum er varða tiltekna almennþörf. Getur það bæði tekið til yfirfærslu allra heimilda sem felast í eignarréttindum eða einungis eignaskerðingar, þ.e. takmarkað eignarnám.

Lagaákvæði sem kveða á um almennar takmarkanir eignarréttar fela í sér að eigendur verða að þola slíkar takmarkanir eða skerðingar á eignum sínum bóta laust. Það sem einkum skilur á milli eignarnáms og slíkra almennra takmarkana er það hvort um er að ræða afsal eignarréttar (*eignarnám*) eða almennar takmarkanir á umráða-, afnota- eða ráðstöfunarrétti eiganda (*takmarkað eignarnám*). Ef aðeins er um að ræða takmarkanir á umráðum, afnotum eða ráðstöfunarrétti, án þess að eigandi sé beinlínis sviptur beinum eða óbeinum eignarráðum, og þær takmarkanir byggjast á almennum efnislegum ástæðum og taka til allra eigna af tilteknu tagi, en eru ekki aðeins lagðar á fáa eigendur af handahófi, eru þær leyfilegar án bóta og verða ekki taldar eignarnám. Sem dæmi slíkra umrádatakmarkana má nefna ákvæði ýmissa friðunarлага, náttúruverndarлага, skipulags- og byggingarлага og vegalaga.

Frá árinu 1906 til ársins 1998 ríkti hér á landi lögbundinn einkaréttur ríkisins á rekstri fjarskiptaneta sem var á hendi Póst- og símamálastofnunar, forvera Símans hf. Í skjóli þeirrar einokunar byggði stofnunin upp öflugt fjarskiptakerfi um land allt. Fram til ársins 1998 miðaðist íslensk fjarskiptalöggjöf við að ríkið sjálft annaðist flest það sem sneri að almennri fjarskiptaþjónustu, þ.m.t. útbreiðslu fjarskiptakerfisins. Opinberir aðilar önnuðust þannig framkvæmdir varðandi fjarskiptakerfið, viðhald þess og annað sem því viðkom. Þetta fyrirkomulag var almennt viðurkennt meðan verið var að byggja upp grunnnetin og voru tekjur af fjarskiptaþjónustu gjarnan nýttar beint eða óbeint til öflugrar uppbyggingar almennra fjarskiptaneta. Litið var á aðgang að fjarskiptum sem öryggisatriði og hluta af neyðarþjónustu

við almenning. Almannahagsmunir réðu því öðru fremur að óumdeilt var um áratugaskeið að almenn fjarskiptaþjónusta væri eingöngu í höndum ríkisvaldsins.

Þegar samningur Vegagerðarinnar og eigenda jarðarinnar Selskarðs var gerður árið 1972 og þegar fjarskiptastrengurinn var lagður meðfram Álftanesvegi árið 1980 voru í gildi fjarskiptalög nr. 30/1941. Í 13. gr. þeirra laga kom m.a. fram að sérhver eigandi eða umráðamaður fasteignar væri skyldur að leyfa Póst- og símamálastjórninni að leggja víra og taugar fjarskiptavirkja um land sitt eða önnur mannvirki á landinu. Þó skyldi taka tillit til þess, ef því yrði við komið, hvar eigendur eða umráðamenn mannvirkja óskuðu eftir, að vírar eða taugar sem snertu eign þeirra væru lagðir, enda hefði það engan verulegan kostnaðarauka eða önnur vandkvæði í för með sér. Fram kom í athugasemdum við 13. gr. frumvarpsins að greinin væri hliðstæð 9. gr. laga nr. 12/1905, um ritsíma, talsíma o.fl. Í 1. mgr. 17. gr. laganna var ákvæði um eignarnám og í 2. mgr. 17. gr. kom m.a. fram að ríkissjóður skyldi bæta tjón á landi manna, mannvirkjum eða öðrum eignum, sem hlotist hefði af lagningu eða viðhaldi fjarskiptavirkja ríkisins.

Í athugasemdum við 9. gr. frumvarps til laga nr. 12/1905 kom m.a. fram að þau ráð yfir eignum manna, sem leyfð yrðu í þessari grein að því er snerti lagningu síma, væru svo vaxin, að eigendur eða notendur landsins eða mannvirkjanna, sem símarnir lögju um eða á, myndu naumast líða nokkurn skaða eða бага af þeim, og yrðu skaðabætur venjulega ekki heimilaðar. Hlytist hins vegar skaði, t.d. af átroðningi á ræktuðu landi við lagningu eða við aðgjörðir á sínum yrði að sjálfsögðu að bæta það. Í almennum athugasemdum frumvarpsins kom ennfremur fram að þar sem takmarkanir þær á gjörðafrelsi manna, sem af þessum ákvæðum leiddu, væru lagðar á vegna þjóðfélagsins, sem riði það á miklu, að samböndin yrðu fyrir sem minnstri óreglu, og væru í sjálfu sér ekki þungbærar, gætu þær ekki verið taldar athugaverðar.

Þegar ljósleiðarastrengurinn var lagður meðfram Álftanesvegi árið 1992 voru í gildi fjarskiptalög nr. 73/1984. Ákvæði 1. mgr. 10. gr. laganna svaraði til 13. gr. laga nr. 30/1941, um fjarskipti. Lítilsháttar orðalagsbreytingar voru gerðar við lögfestingu laga nr. 73/1984 að þessu leyti án nokkurra efnisbreytinga.

Ljóst er að 13. gr. fjarskiptalaga nr. 30/1941 og 10. gr. fjarskiptalaga nr. 73/1984 voru lagaákvæði sem fólu í sér almennar takmarkanir á eignarráðum fasteignaeigenda. Eigendur eða umráðamenn fasteigna voru skyldugir til að leyfa lagningu símastrengja í landi sínu eða mannvirkjum, bóttalaust. Ef því yrði við komið átti Póst- og símamálastofnun að hafa samráð við eigendur eða umráðamenn *mannvirkja* varðandi legu strengja, enda hefði það engan verulegan kostnaðarauka eða önnur vandkvæði í för með sér. Sérstakt ákvæði var svo um skaðabótaskyldu ríkissjóðs vegna tjóns á landi manna eða mannvirkjum sem hlotist hafði af lagningu fjarskiptavirkja ríkisins. Telja verður að ofangreind lagaákvæði hafi falið í sér löglega heimild til handa Póst- og símamálastofnun til að leggja umrædda fjarskiptastrengi meðfram Álftanesvegi.

Samkvæmt lagaákvæðum þessum var fasteignaeigendum eða umráðamönnum fasteigna undanbragðalaust skylt að þola umrædda lagningu fjarskiptastrengja um eignir sínar og þar með að þola takmarkanir á eignarráðum sínum. Fasteignaeigendur áttu rétt á skaðabótum ef tjón hlaust af framkvæmdunum og eigendur eða umráðamenn *mannvirkja* áttu vissan rétt til að tjá sig um legu strengjanna, ef því yrði við komið og hefði engan verulegan kostnaðarauka eða önnur vandkvæði í för með sér. Ekki var því um skýlausa skyldu Póst- og símamálastofnunar til samráðs við eigendur eða umráðamenn mannvirkja að ræða. Með

lögum nr. 143/1996, um fjarskipti, var kveðið á um að samráð skyldi haft við „*eigendur eða umráðamenn slíkra fasteigna og mannvirkja um hvar leiðslur eru lagðar*”. Það var því ekki fyrir en með lögum nr. 143/1996 sem samráð skyldi að öllu jöfnu haft við eigendur fasteigna, t.d. landeigendur, varðandi legu fjarskiptalagna þar sem ekki væru um mannvirki að ræða. Þegar fjarskiptastrengirnir voru lagðir meðfram Álftanesvegi á árunum 1980 og 1992 bar Póst- og símamálastofnun því að öllu jöfnu aðeins að hafa samráð við eigendur eða umráðamenn *mannvirkja* um legu strengjanna. Telja verður að Vegagerð ríkisins hafi verið eigandi / umráðamaður Álftanesvegur á þessum tíma.

Vegalög nr. 23/1970 giltu þegar samningurinn var gerður milli landeigenda og Vegagerðarinnar árið 1972. Vegalög nr. 6/1977 giltu þegar lagning fjarskiptastrengjanna meðfram Álftanesvegi átti sér stað á árunum 1980 og 1992. Hugtakið „*vegur*” var skilgreint í 1. gr. umræddra laga sem akbraut, land og mannvirki, sem að staðaldri væri nauðsynleg, til þess að vegur væri varanlegur, unnt væri að halda honum við og hafa af honum sem fyllst not. Í 8. gr. vegalaga nr. 23/1970 kom fram að Vegagerðin væri *veghaldari* allra opinberra vega samkvæmt lögnum. Hliðstætt ákvæði var í vegalögum nr. 6/1977. Í 3. gr. vegalaga nr. 23/1970 kom fram að „*veghald*” merkti vegagerð og viðhald vega og að veghaldari væri sá aðili, er sæi að öllu leyti um veghald. Hliðstætt ákvæði var í 3. gr. vegalaga nr. 6/1977.

Í X. kafla vegalaga nr. 23/1970 og 6/1977 var fjallað um eignarnám, jarðrask, átroðning o.fl. Í 59. gr. laganna gaf að líta sambærileg ákvæði þar sem m.a. kom fram að hver landeigandi væri skyldur til að láta af hendi land það, er þyrfti undir vegi eða til breytingar eða breikkunar eða viðhalds vegum, enda kæmu fullar bætur fyrir. Í 60. gr. umræddra laga kom fram að bætur fyrir eignarnám, jarðrask og átroðning þann, er nýr vegur kynni að hafa í för með sér, mætti ákveða eftir samkomulagi milli landeigenda og umboðsmanns þeirra, sem bætur ætti að greiða. Næðist ekki samkomulag skyldi ákveða bætur með nánar tilteknum hætti. Þegar umræddur samningur landeigenda og Vegagerðarinnar var gerður árið 1972 giltu ákvæði 59. og 60. gr. vegalaga nr. 23/1970. Telja verður að með þeim samningi hafi verið samið um bætur fyrir jarðrask og þann átroðning sem hinn nýi vegur hafði í för með sér í samræmi við ákvæði umræddra laga. Um eingreiðslu var að ræða og ekki kom til þess að umrædd spilda yrði tekin eignarnámi þar sem um samdist milli aðila. Telja verður að landeigendur jarðarinnar Selskarðs hafi fengið fullnaðarbætur greiddar frá Vegagerðinni vegna umræddrar spildu. Eiga þeir því ekki rétt á frekari greiðslum frá Landssímanum vegna legu fjarskiptastrengja í veghaldi Vegagerðarinnar. Þar að auki gerðu umrædd fjarskiptalög ekki ráð fyrir greiðslu bóta nema í formi skaðabóta vegna tjóns sem hlýst af umræddum lögnum. Landeigendur hafa ekki sýnt fram á að þeir hafi orðið fyrir tjóni af völdum lagna þessara.

Í XII. kafla vegalaga nr. 23/1970 og 6/1977 voru kaflar sem fjölluðu um öryggi vega o.fl. Í 69. gr. fyrrgreindra laga var kveðið á um að byggingar, leiðslur eða önnur mannvirki, föst eða laus, mætti ekki staðsetja, nema leyfi vegamálastjóra kæmi til, nær vegi en 15 metra frá miðlínu landsbrauta og 20 metra frá miðlínu þjóðbrauta. Ákvæði 69. gr. laga nr. 6/1977 voru eins að öðru leyti en því að rætt var um 15 metra frá miðlínu þjóðbrauta og 30 metra frá miðlínu stofnbrauta.

Í máli þessu er ekki deilt um það að umræddar fjarskiptalagnir sem lagðar voru meðfram Álftanesvegi á árunum 1980 og 1992 eru innan þess svæðis sem Vegagerðinni var helgað með umræddum samningi frá árinu 1972, sbr. þágildandi vegalög. Ekki liggja fyrir í málinu skýr skrifleg gögn sem staðfesta að umrætt leyfi vegamálastjóra hafi legið fyrir við lagningu umræddra strengja. Í ljósi þeirra upplýsinga sem fram hafa komið frá Vegagerðinni í

tengslum við mál þetta verður að telja að leyfi hafi legið fyrir þótt ekki hafi þau verið formleg. Fráleitt má telja að Póst- og símamálastofnun hafi lagt í jafn umfangsmiklar framkvæmdir í trássi við vilja Vegagerðarinnar eða án vitundar stofnunarinnar.

Þá má geta þess að samkvæmt skýlausum lagaákvæðum þágildandi fjarskiptalaga, sem rakin voru hér að framan, skyldi sérhver eigandi eða umráðamaður fasteignar leyfa Póst- og símamálastofnuninni að leggja fjarskiptastrengi um land sitt eða önnur mannvirki. Umræddir fjarskiptastrengir liggja í mannvirki Vegagerðarinnar og ekki verður séð að eigendur jarðarinnar Selskarðs eigi nokkurn ráðstöfunarrétt eða réttindatilkall yfir þeirri spildu sem veginum var helgað með umræddum samningi. Þvert á móti var Vegagerðinni einni sem veghaldara heimilt að veita Póst- og símamálastofnun leyfi til lagningar fjarskiptastrengjanna, sbr. skýr ákvæði þágildandi vegalaga. Þá verður ekki séð að umræddir fjarskiptastrengir hafi í för með sér neina takmörkun á nýtingu landeigenda á landi sínu umfram þá sem umræddur vegur hefur í för með sér og bætur hafa verið greiddar fyrir. Að þessu virtu verður ekki talið að Póst- og símamálastofnun hafi þurft að leita samþykkis landeigenda jarðarinnar Selskarðs fyrir umræddum framkvæmdum. Því verður að hafna þeim skilningi landeigenda að ólögmeitt ástand ríki á jörðinni Selskarði að því er umrædda fjarskiptastrengi varðar. Þegar af þeirri ástæðu verður einnig að hafna þeirri kröfu landeigenda að Síminn fjarlægji umræddar fjarskiptalagnir.

Landeigendur segjast hafa í hyggju að nýta eign sína fyrir sig, með því að leigja öðrum afnot af landinu. Eign Símans yrði því að víkja af eigninni. Ljóst er að lega umræddra fjarskiptastrengja í veghaldi Vegagerðarinnar er í samræmi við þágildandi og núgildandi fjarskiptalög og vegalög. Landeigendur geta ekki nýtt sér það svæði með neinum hætti nema með leyfi frá Vegagerðarinnar. Þá er vandséð hvernig umrædd lega fjarskiptastrengjanna kemur í veg fyrir að landeigendur nýti sér aðra hluta jarðarinnar, þ.á.m. með því að leggja þar fjarskiptastrengi, að uppfylltum ákvæðum fjarskiptalaga.

Reglan um samningsfrelsið er ein af grundvallarreglum íslensks réttar. Í reglunni felst m.a. frjálsræði um efni löggjeringa að svo miklu leyti sem það stríðir ekki gegn ófrávíkjanlegum lagareglum og almennu velsæmi. Telja verður að fjarskiptalöggjöf og vegalöggjöf sé löggjöf opinbers réttar eðlis. Réttarregla á undir opinberan rétt, ef hagsmunir þeir, er hún mælir um, eru opinberir, en lýtur einkarétti, þegar hún skipar hagsmunum eða málefnum einstaklinga. Reglur opinbers réttar eru yfirleitt ófrávíkjanlegar eins og þorri löggjafar samtímans. Varhugavert hefur þótt að ætla einstaklingum svigrúm til að semja sig undan réttarreglum sem eru opinbers eðlis. Ekki verður því fallist á það með landeigendum að þeir hafi getað samið sig undan ófrávíkjanlegum réttarreglum fjarskiptalaga og vegalaga í máli þessu auk þess sem ekkert kemur fram í umræddum samningi sem styður þessa skýringu landeigenda. Ljóst er að umræddur samningur víkur ekki ófrávíkjanlegum lagaákvæðum til hliðar.

Samkvæmt því sem rakið er hér að framan verður ekki séð að Síminn (*áður Póst- og símamálastofnun*) hafi brotið gegn þágildandi réttarreglum með því að vera með eignir og starfsemi á jörðinni Selskarði án nokkurs samráðs eða heimilda eigenda. Eignarréttur getur takmarkast af lögum og takmörkuðum eignarréttindum annarra aðila. Talið hefur verið að löggjafinn geti heimilað ýmiss konar takmarkanir á eignarrétti og eignarskerðingar sem ekki verða taldar eignarnám, án þess að til nokkurra bóta komi. Slík lagaákvæði hafa verið nefnd almennar takmarkanir eignarréttar. Þau ákvæði fjarskiptalaga sem hér skipta máli, þ.e. 13. gr. laga nr. 30/1941 og 10. gr. laga nr. 73/1984, sbr. nú 69. gr. laga nr. 81/2003, fela í sér slíkar almennar takmarkanir á eignarráðum eigenda. Þar sem Póst- og símamálastofnun og síðar

Síminn hafa í einu og öllu farið eftir umræddum lagaákvæðum verður að hafna kröfum landeigenda.

Þess má geta að telja má það vafalausa og ótvíræða reglu íslensks réttar að dómstólar eiga úrlausn þess hvort lög brjóti gegn ákvæðum stjórnarskrárinnar. Stjórnvöld geta almennt ekki, án undangengins dóms, virt að vettugi lög sem sett eru með stjórnskipulegum hætti. Póst- og fjarskiptastofnun kveður því ekki á um hvort umrædd ákvæði fjarskiptalaga séu í samræmi við eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar.

### **Ákvörðunarorð:**

Póst- og fjarskiptastofnun hafnar því að ólöglegt ástand ríki á jörðinni Selskarði á Álftanesi að því er fjarskiptalagnir Símans hf. varðar. Síminn hf. hefur löglegar heimildir til að vera með leiðslur fjarskiptavirkja meðfram Álftanesvegi í veghaldi Vegagerðar ríkisins og þarf ekki sérstakt umboð frá landeigendum. Póst- og fjarskiptastofnun hafnar þeirri kröfu landeigenda að Símanum hf. sé gert að greiða þeim sérstaklega fyrir nýtingu landsins. Póst- og fjarskiptastofnun hafnar þeirri kröfu landeigenda að Símanum hf. sé gert að fjarlægja fjarskiptaleiðslur sínar af eigninni Selskarði. Póst- og fjarskiptastofnun metur ekki stjórnskipulegt gildi laga.

Ákvörðun þessi er kæránleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, sbr. 13. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi varð kunnugt um ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar.

Virðingarfyllst,

---

Hrafnkell V. Gíslason

---

Óskar Hafliði Ragnarsson

Afrit: Síminn hf.